

23. júlí 1982.

765

Nr. 452.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi. Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. og 2. gr. gilda frá 1. apríl 1982, en fjárhæðir 3. gr. frá 1. júlí 1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. júlí 1982.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

26. júlí 1982.

Nr. 453.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 116/1974, um úthlutun örorkustyrkja.

1. gr.

4 mgr. 3. gr. orðist svo:

Styrki þessa má greiða vegna allra þeirra barna, sem eiga gilt örorkumat og ekki dveljast á sólarhringsstofnunum (hjúkrunarheimilum, heimilum sjálfseignastofnana eða vistheimilum), skv. 8., 10. og 11. tl. 11. gr. laga nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, eða sjúkráhusum, þar sem Tryggingastofnun ríkisins eða aðrir opinberir aðilar greiða að fullu dvalarkostnað þeirra.

2. gr.

5. mgr. 3. gr. falli niður.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. 12. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, staðfestast hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. júlí 1982.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ragnhildur E. Þórðardóttir.

27. júlí 1982.

Nr. 454.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð nr. 256 frá 27. apríl 1981 um breytingu á reglugerð nr. 289 frá 20. júní 1979 við lög nr. 53/1978 um eftirlit með framleiðslu á fódurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur.

III. kafli orðist svo:

1. gr.

Graskögglar skulu metnir og flokkaðir sem hér segir:

minna en 24% tréni í þe. 80 FE/100 kg fódurs 1,25 kg/FE

24—30% tréni í þe. 70 FE/100 kg fódurs 1,4 kg/FE

meira en 30% tréni í þe. 64 FE/100 kg fódurs 1,6 kg/FE

Purrefni 92% (90—94). Við þurrefnismælingu utan tilgreindra marka leiðréttist orku-gildið til samræmis.

Ef fínleikatala er hærri en 2 í grasköggjum, sem innihalda 30% tréni eða meira, bætist við útreikning kg. pr. FE 0.2 kg.

Fínleikatala segir til um kornstærð. Eftir ákveðna meðferð fódursins, sem ekki breytir kornstærð þess, er reiknuð út fínleikatala frá 0—6 út frá sigtun gegnum mismunandi gróf sigti frá 0.15—4.5 mm.

Dæmi: Fari ekkert gegnum 4.5 mm sigti = fínleikatala 6

Fari allt gegnum 0.15 mm sigti = fínleikatala 0

Sigtisstærð sem nota þarf við mölun í verksmiðju til að ná ákveðinni fínleikatölu er háð eiginleikum hráfnisins. Ætla má að við mölun hraðþurrkaðra grasa þurfi að nota 5—6 mm sigti til að fá fínleikatöluna 2 eða minna.

(Í fódri svína og fugla skal við orkuútreikning nota meltingartölur sem við eiga gagnvart þessum búfjartegundum og orkuútreikningur útfærður á sama hátt og í öðru kjarnfóðri).

Grasköggjar skulu einnig flokkaðir eftir próteininnihaldi þannig (prótein = N x 6.25):

A flokkur 15% prótein eða meira (í sýni)

B flokkur 10.0—14.9%

C flokkur 9.9% eða minna

Merking sekkja skal teljast gild þó lágmarkshráprótein í eftirlitssýnum reynist allt að 0.5% undir lágmarkskröfu A eða B flokks.

Númerakerfi skal gert þannig að öll númer byrji á ártali og síðan verði allir sekkir að baki hverju framleiðslusýni með sýnisnúmeri t. d. 82 01 (sýni nr. 1) o. s. frv. Merkja skal sekki með ártali og sýnisnúmeri og einkennismerki verksmiðju. Á sölunótu skal færa þetta númer ásamt flokkun eftir því sem við á.

2. gr.

Ef framleiðandi grasköggla hyggst við framleiðslu blanda öðrum fódurtegundum í grasmjölið, skal hann tilkynna það eftirlitsdeild RALA. Ef íblöndun er í þeim mæli, að um verulega breytingu verði að ræða, hvað varðar efnasamsetningu og fódurgildi (+ - 3 FE pr 100 kg fódurs eða meira) að mati FR, skal taka framleiðslusýni bæði fyrir og eftir íblöndun.

3. gr.

Framleiðslusýni skal taka reglulega í samráði við FR. Efnagreiningum skal hraðað eins og kostur er og framleiðendum tilkynntar niðurstöður strax.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. júlí 1982.

Pálmi Jónsson

Haukur Jörundarson